

Ed.

381. Lög

um bryggjугerð i Borgarnesi o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta gera bryggju við Stóru-Brákarey i Borgarnesi, að undangenginni rannsókn um, hvar á eyggi það sje hentugast, enda sje svo mikið dýpi við bryggjuna, að hæfilega stórt skip til flutninga milli Reykjavíkur og Borgarness geti legið við hana i hálföllnum sjó, og skal telja kostnað af nauðsynlegum dýpkunum við hana og út frá henni með bryggjугerðarkostnaði.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta gera garð eða brú yfir sundið milli eyjar og lands, svo og veg eftir eyggi að bryggjunni og vegar-spotta á landi, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að koma vörum að bryggj-
unni og frá.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af framkvæmdum þeim, er ræðir um i 2. gr., og leggur fram helming kostnaðar við mannvirkin, sem nefnd eru i 1. gr., gegn helmings framlagi annarsstaðar frá, og má ekki byrja á verkinu fyr en það framlag er trygt. Þó má framlag til þessara framkvæmda ekki fara fram úr 150000 kr.

4. gr.

Þegar mannvirki þau, sem ræðir um i lögum þessum, eru fullgerð, eru allir, sem ferma og afferma skip i Borgarnesi, skyldir til þess að nota bryggjuna, ef unt er, nema hafnarnefnd leyfi annað.

5. gr.

Frá þeim tíma, er bryggjan er tekin til notkunar, skulu allar tekjur hennar renna i sjóð, er nefnist hafnarsjóður Borgarness. Tekjum hans og eignum má einungis verja i þarfir bryggjunnar eða til annara hafnarbóta. Það, sem eftir kann að verða á þeim tíma af núverandi hafnarsjóði, rennur i þennan sjóð.

6. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps kys 3 menn, er búsettir sjeu i Borgarnesi, i hafnarnefnd, til þess að hafa á hendi umsjón og eftirlit með bryggjunni, reikningshald hennar, viðhald, stækkun hafnarvirkja og annað, sem henni kemur við. Menn þessir bera allir ábyrgð á eignum og tekjum bryggjunnar og eru kosnir til þriggja ára i senn. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvenær þeir skuli fyrst kosnir.

7. gr.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar og hafnarnefndar er ráðherra

heimilt að gefa út reglugerð um notkun bryggjunnar og gjaldskrá um notkunina. Í reglugerðinni má leggja sektir við vanrækslu og brotum gegn henni, setja nánari reglur um skyldur hafnarnefndar og hreppsnefndar og ákveða meðferð mála út af brotum.

8. gr.

Þegar mannvirki þau, sem í 2. gr. getur, eru fullgerð, teljast þau meðal gatna eða vega Borgarneskaupþúns, og um kostnað af viðhaldi þeirra fer eftir 48. gr. vegalaga 4. júní 1924.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.